

Reykjastræti ehf.

Verklagsreglur um birtingu upplýsinga, meðferð innherjaupplýsinga, viðskipti stjórnenda og starf regluvarðar

1. Inngangur

- 1.1. Reykjastræti ehf. (hér eftir „**félagið**“ eða „**Reykjastræti**“) hefur fengið skuldabréf sín tekin til viðskipta á hjá Nasdaq Iceland. Um skráningu bréfanna á skipulegan markað gilda að meginstefnu til lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu („**upplýsingaskyldulög**“), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik („**MAR**“) sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 60/2021, reglur Nasdaq fyrir útgefendur skuldabréfa, dags. 1. janúar 2025 („**útgefendareglurnar**“), reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum („**FME reglur**“) og reglur og reglugerðir settar á grundvelli ofangreinds.
- 1.2. Verklagsreglur þessar eru settar með vísan í ofangreindar reglur og skulu vera þeim til fyllingar.
- 1.3. Verklagsreglur þessar taka til stjórnarmanna Reykjastrætis sem og stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga eins og við getur átt. Ráðgjafar félagsins þurfa einnig að hlíta verklagsreglum þessum í störfum sínum fyrir félagið.

2. Markmið

Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja jafnan aðgang markaðsaðila og skuldabréfaeigenda að tímanlegum, réttum og áreiðanlegum upplýsingum um félagið til þess að markaðsaðilar allir geti myndað sér upplýsta skoðun á stöðu félagsins. Þá er markmið regnanna einnig að treysta að meðferð Reykjastrætis á meðferð innherjaupplýsinga sé í samræmi við lög.

3. Regluvörður

- 3.1. Stjórn Reykjastrætis skipar regluvörð og staðgengil regluvarðar í samræmi við lög og FME reglur.
- 3.2. Regluvörður ber ábyrgð á þeim verkefnum sem kveðið er á um í FME reglunum.
- 3.3. Regluvörður heyrir beint undir stjórn Reykjastrætis. Regluvörður skal hafa óhindraðan aðgang að stjórn og forstjóra. Þá skal regluvörður hafa óhindraðan aðgang að öðrum starfsmönnum Reykjastrætis í því skyni að afla upplýsinga, koma á framfæri athugasemdum, gera úttektir og kynna niðurstöður þeirra án þess að það hafi neikvæð áhrif á stöðu regluvarðar.
- 3.4. Þá skal regluvörður hafa óhindraðan aðgang að öllum upplýsingum, gögnum og fundum sem hann telur nauðsynleg til þess að geta rækt skyldur sínar samkvæmt FME reglunum. Regluvörður leggur mat á það hvaða upplýsingar, gögn eða annað hann telur sig þurfa og stjórn eða starfsmenn geta ekki neitað honum aðgangi að slíku eigi það undir eftirlit hans.
- 3.5. Stjórnendur Reykjastrætis skulu hafa aðgang að regluverði.
- 3.6. Regluverði Reykjastrætis ber að leggja fyrir stjórn félagsins skýrslu um framkvæmd regluvörslu eins oft og nauðsynlegt þykir þó eigi sjaldnar en að lágmarki á 12 mánaða fresti.

4. Reglubundin upplýsingagjöf

- 4.1. Reykjastræti birtir fjárhagslegar niðurstöður sínar og aðrar þær upplýsingar sem kveðið er á um í II. kafla upplýsingaskyldulaganna og 3. kafla útgefendareglanna. Hin reglulega upplýsingaskylda tekur meðal annars til:

4.1.1. Árs- og árshlutareikninga félagsins;

5. Atvikabundin upplýsingagjöf

- 5.1. Reykjastræti birtir að jafnaði allar innherjaupplýsingar, eins og þær eru skilgreindar í MAR, eins fljótt og auðið er eftir að þær myndast. Félagið skal tryggja að ávallt sé einn aðili í þeirri stöðu að geta birt tilkynningar félagsins. Sá aðili skal jafnframt hafa aðgang að upplýsingakerfi Reykjastrætis þannig hægt sé að birta innherjaupplýsingar án tafar.

- 5.2. Ferill við mat á innherjaupplýsingum og birtingu þeirra

5.2.1. Regluvörður, og eftir atvikum staðgengill regluvarðar, í samráði við forstjóra skal hafa endanlegt mat á því hvort viðkomandi upplýsingar teljist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. MAR sem skylt er að birta.

5.2.2. Komi upp það álitamál innan Reykjastrætis hvort tiltekna upplýsingar séu innherjaupplýsingar skal eftirfarandi verklagi fylgt:

- a) Þeir starfsmenn eða stjórnarmenn sem viðkomandi upplýsingar myndast hjá skulu setja sig í samband við regluvörð án tafar eftir að álitaeefni um eðli upplýsinganna rís.
- b) Regluvörður, forstjóri og viðkomandi starfsmaður/stjórnarmaður meta upplýsingarnar til samræmis við þá lykilþætti sem mælt er fyrir um í 7. gr. MAR.
 - i. Greini forstjóri og regluvörð á um mat á upplýsingum skal regluvörður skrá það sérstaklega í samskiptaskrá og greina frá því í skýrslu til stjórnar.
 - ii. Ef stjórn útgefanda fellst ekki á afstöðu regluvarðar og regluvörður metur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („Fjármálaeftirlitið“) viðvart.
- c) Komist framangreindir aðilar að þeirri niðurstöðu að viðkomandi upplýsingar séu innherjaupplýsingar skal undirbúa birtingu þeirra í samræmi við MAR og tryggja varfærna meðferð innherjaupplýsinganna þar til tilkynningin er send út.
- d) Regluvörður skal leggja til drög að tilkynningu og birta hana um leið og hún hefur fengið staðfest af þar til bærum aðilum.
- e) Ef nauðsynlegt er að nýta heimild 4. mgr. 17. gr. MAR til að fresta birtingu innherjaupplýsinga skal gæta ákvæða viðkomandi greinar MAR, leiðbeininga ESMA og greinar 5.3 í verklagsreglum þessum.
- f) Komist framangreindir aðilar að þeirri niðurstöðu að viðkomandi upplýsingar séu ekki innherjaupplýsingar skal þrátt fyrir það áfram fylgst með hvort eðli upplýsinganna taki breytingu.
- g) Framangreint ferli og niðurstaða mats regluvarðar, hvort sem um er að ræða innherjaupplýsingar eða ekki, skal skjalfest í samskiptaskrá þar sem rök eru færð fyrir niðurstöðu matsins.

5.3. Frestun á birtingu innherjaupplýsinga

5.3.1. Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að hægt sé að nýta heimild útgefanda samkvæmt 4. mgr. 7. gr. MAR til að fresta birtingu innherjaupplýsinga.

5.3.2. Heimildin kemur eingöngu til greina þegar öllum af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) Tafarlaus birting upplýsinganna er líkleg til að skaða lögmæta hagsmuni Reykjastrætis;
 - i. Samningaviðræður eru í fullum gangi og birting upplýsinga myndi stefna þeim í hættu.
 - ii. Fjárhagsstaða félagsins er í hættu og birting upplýsinga þar um myndi skaða hagsmuni félagsins í hvers konar viðræðum.
 - iii. Ef stjórn á eftir að samþykkja viðkomandi viðskipti eða atvik.
- b) frestun á birtingu upplýsinganna er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi; og
- c) Reykjastræti getur tryggt trúnað um upplýsingarnar.

5.3.3. Greini forstjóra og regluvörð á um mat á skilyrðum lögmætrar frestunar á birtingu innherjaupplýsinga skal regluvörður skrá slíkt í samskiptaskrá og greina frá því í skýrslu til stjórnar.

- a) Ef stjórn útgefanda fellst ekki á afstöðu regluvarðar og hann metur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.

5.3.4. Fallist regluvörður á að skilyrði 4. mgr. 7. gr. MAR séu uppfyllt og Reykjastræti ákveður að fresta birtingu innherjaupplýsinga skal regluvörður:

- a) Skrá atvikið í samskiptaskrá Reykjastrætis og færa þar rök fyrir því hvernig skilyrði ákvæðanna eru uppfyllt.
- b) Tryggja varfærna meðferð upplýsinganna og takmarka aðgang að þeim við þá aðila sem þurfa nauðsynlega á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu.
 - i. Sá starfsmaður eða stjórnarmaður félagsins sem hefur umsjón með verkefni sem felur í sér innherjaupplýsingar ber ábyrgð á varfærinni meðferð þeirra.
 - ii. Félaginu er eingöngu heimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna sé bundinn trúnaði um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.
 - o Regluvörður skal upplýstur um alla þá sem fá aðgang að upplýsingunum.
- c) Gera ráðstafanir til að hindra að óviðkomandi aðilar geti kynnt sér efni upplýsinganna eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða.

- i. Það skal meðal annars gert með því að skrá þá sem þurfa að móttaka upplýsingarnar á lista yfir innherja og upplýsa þá um þær laga- og eftirlitsskyldur sem þeir hafa, og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða miðlun upplýsinganna.
 - ii. Teljist þess þörf hefur regluvörður heimild til að takmarka aðgang ákveðinna starfsmanna að ákveðnum tölvukerfum, möppum eða starfsstöðvum.
- d) Gera ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu upplýsinganna verði ekki hægt að tryggja trúnað um þær.
- i. Í því skyni skal regluvörður Reykjastrætis hafa drög að tilkynningu tilbúna sem hægt er að nota í neyðartilvikum.

6. Stjórnendur og viðskipti stjórnenda

- 6.1. Reykjastræti heldur lista yfir einstaklinga sem gegna stjórnunarstöðu hjá félaginu og aðila sem teljast þeim nákomnir í samræmi við 5. mgr. 17. gr. MAR.
- 6.2. Með einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum er átt við einstakling innan Reykjastrætis sem:
- 6.2.1. situr í stjórn, framkvæmdastjórn eða endurskoðunarnefnd eða
 - 6.2.2. er yfirstjórnandi sem situr ekki í þeim einingum sem getið er um í gr. 6.2.1 en hefur reglulegan aðgang að innherjaupplýsingum um Reykjastræti og hefur vald til að taka stjórnunarákvarðanir sem hafa áhrif á framtíðarþróun og rekstrarhorfur Reykjastrætis.
- 6.3. Til stjórnenda Reykjastrætis skulu teljast:
- 6.3.1. Stjórnarmenn;
 - 6.3.2. varamenn stjórnar;
 - 6.3.3. nefndarmenn endurskoðunarnefndar;
 - 6.3.4. forstjóri;
 - 6.3.5. framkvæmdastjóri rekstrar; og
 - 6.3.6. fjármálastjóri.
- 6.4. Með nákomnum aðila er átt við:
- 6.4.1. maka
 - 6.4.2. barn á framfæri
 - 6.4.3. skyldmenni sem hefur búið að heimili stjórnanda í a.m.k. eitt ár á þeim degi sem viðkomandi viðskipti fara fram
 - 6.4.4. lögaðila, sjóð eða sameignarfélag þar sem stjórnunarstörfum er gegnt af einstaklingi samkvæmt gr. 6.2 eða nákomnum aðila samkvæmt gr. 6.3.1 - 6.3.3, eða sá einstaklingur stjórnar beint eða óbeint, sem komið er á fót í þágu þess einstaklings eða hefur fjárhagslega hagsmuni sem fara að verulegu leyti saman við hagsmuni þess einstaklings

- 6.5. Þeir aðilar sem tilgreindir eru í greinum 6.3 og 6.4 skulu tilkynna Reykjastræti (á netfangið regluvordur@reykjastraeti.is) og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hvers konar viðskipti fyrir sinn eigin reikning sem eiga sér stað með skuldagerninga sem Reykjastræti hefur gefið út eða í tengslum við afleiður eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast.
- 6.6. Athygli er vakin á að tilkynningarskylda greinar 6.5 nær til hvers konar viðskipta, meðal annars en ekki einskorðað við:
- 6.6.1. Öflun, ráðstöfun, skortsala, áskrift eða skipti;
 - 6.6.2. Samþykki eða nýting á valrétti;
 - 6.6.3. Gerð eða nýting skiptasamninga;
 - 6.6.4. Viðskipti í tengslum við afleiður;
 - 6.6.5. Gjafir og framlög;
 - 6.6.6. Viðskipti sem eru framkvæmd af þriðja aðila sem hefur umboð til að hafa umsjón með eignasafni eða annast eignastýringu í þágu aðila stjórnanda eða aðila sem er nákominn stjórnanda;
 - 6.6.7. Fá að láni skuldaviðurkenningar;
- 6.7. Stjórnendur bera ábyrgð á viðskiptum sínum með fjármálagerninga útgefna af Reykjastræti og afleiðum tengdum þeim. Auk þess ber stjórnendum að upplýsa aðila sem eru nákomnir honum um skyldu þeirra samkvæmt þessum reglum.
- 6.8. Tilkynningar samkvæmt gr. 6.5 og 6.6 skal senda án tafar og eigi síðar en þremur viðskiptadögum frá því viðskiptin fóru fram á því formi sem Fjármálaeftirlitið leggur til.
- 6.8.1. Eyðublað má nálgast inn á þjónustugátt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.
- 6.9. Reykjastræti birtir tilkynningu um viðskipti stjórnanda í fréttakerfi kauphallar.
- 6.10. Tilkynningarskylda samkvæmt gr. 6.5 og 6.6 gilda um öll viðskipti eftir að heildarfjárhæðinni 5.000 evrum er náð innan almanaksárs.
- 6.11. Stjórnendum er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning þriðja aðila, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við skuldagerninga Reykjastrætis eða afleiður eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast á lokuðu 30 almanaksdaga tímabili áður en tilkynnt er um árshlutareikningsskil eða ársskýrslu Reykjastrætis.
- 6.12. Regluvörður Reykjastrætis getur veitt stjórnanda undanþágu frá gr. 6.11 annaðhvort:
- 6.12.1. Vegna undantekningartilvika samkvæmt mati á hverju tilviki fyrir sig, s.s. alvarlegra fjárhagserfiðleika, sem krefjast tafarlausrar sölu skuldabréfa, eða
 - 6.12.2. vegna eiginleika viðskipta sem fara fram samkvæmt, eða í tengslum við, áætlun um sparnað starfsmanna, ávinnslu eða réttinda til skuldabréfa, eða viðskipta þar sem raunverulegir hagsmunir í viðkomandi verðbréfi breytast ekki.

Beiðni um slíka undanþágu skal berast skriflega á tölvupóstfangið regluvordur@reykjastraeti.is. Í undanþágunni skal viðskiptunum lýst og rökstyðja hvers vegna nauðsynlegt er að eiga viðskiptin innan lokaða tímabilsins. Reykjastræti mun aðeins heimila undanþágu í sérstökum tilvikum.

7. Innherjalistar

- 7.1. Reykjastræti gerir lista yfir þá einstaklinga sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum og starfa fyrir félagið samkvæmt ráðningarsamningi, eða hafa á annan hátt með höndum verkefni sem þeir hafa aðgang að innherjaupplýsingum gegnum.
- 7.2. Regluvörður félagsins setur saman, uppfærir og viðheldur listum yfir innherja.
- 7.3. Regluvörður skal senda þeim sem hann setur á lista yfir innherja skriflega tilkynningu um réttarstöðu þeirra sem innherja og skal gera ráðstafanir til að tryggja að aðilarnir viðurkenni skriflega þær skyldur sem hvíla á þeim lögum samkvæmt. Í tilkynningunni ber að greina viðkomandi frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem og upplýsingar hvar viðkomandi reglur er að finna.
- 7.4. Innherja skal tilkynnt með skriflegum hætti þegar hann hefur verið tekinn af innherjalista.

Samþykkt af stjórn Reykjastrætis þann 11. júní 2025.